

A/F Rekstraraðili ehf.

Ársreikningur 2022

A/F Rekstraraðili ehf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
kt. 660121-1370

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	4
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur A/F Rekstraraðila ehf. er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006, um ársreikninga, og lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Starfsemi félagsins

A/F Rekstraraðili ehf. var stofnað í janúar 2021 og starfar skv. lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, og lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Tilgangur félagsins er rekstur sérhæfðra sjóða samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/2020 og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við framangreint. A/F Rekstraraðili hyggst breyta félaginu úr einkahlutafélagi í hlutafélag á næstunni.

A/F Rekstraraðili ehf. er rekstraraðili sérhæfðra sjóða með vísan til laga nr. 45/2020 og er skráð hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem slíkur rekstraraðili. A/F Rekstraraðili hefur gert umsýslusamning við Arctica Finance hf. um að sinna regluvörslu, markaðssetningu sjóða, upplýsingatækniþjónustu og eignastýringu á sjóði. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi A/F Rekstraraðila ehf. og sjóða í rekstri þess eins og lög gera ráð fyrir.

A/F Rekstraraðili ehf. hefur sótt um starfsleyfi til að starfa sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða án viðbótarheimilda. Umsókn þessi er enn til meðferðar hjá Fjármálaeftirlitinu, en vonast er til að jákvæð niðurstaða liggi fyrir á næstu vikum.

Í árslok 2022 voru tveir sérhæfðir sjóðir í rekstri hjá félaginu og nam eign þeirra um 15.100 millj. kr. í árslok. Annar sjóðanna hefur verið í eignastýringu hjá Arctica Finance hf., en til stendur að A/F Rekstraraðili ehf. taki líka að sér eignastýringu þess sjóðs.

Afkoma og eigið fé

Rekstur A/F Rekstraraðila ehf. á árinu 2022 var í samræmi við áætlanir þess. Rekstrartekjur félagsins námu 23,9 millj. kr. á árinu 2022 (2021, 10,4 millj. kr.). Hagnaður félagsins á árinu nam 0,2 millj. kr. (2021 var tap að upphæð 1,3 millj. kr.).

Eigið fé félagsins í árslok 2022 var 15,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi (2021, 15,7 millj. kr.). Eiginfjárlutfall félagsins var í lok tímabilsins 21,9%. Samkvæmt 74. gr. laga nr. 138/1994 er óheimilt að úthluta arði til hluthafa á árinu 2023.

Þann 31. janúar 2023 var hlutfé félagsins aukið um 15 millj.kr. að nafnverði í því skyni að félagið uppfylli kröfur laga nr. 45/2020 um lágmarks stofnframlag og eiginfjárgrunn og er það í dag því 32 millj. kr.

Frá áramótum til undirritunardags hafa ekki orðið markverðir atburðir sem hafa bein áhrif á félagið eða mótaðila þess, að öðru leyti en getið er um í skýrslu þessari.

Hluthafar og ráðstöfun hagnaðar

Hlutfé félagsins var 17,0 millj. kr. í árslok 2022. Einn hluthafi er í A/F Rekstraraðila ehf., þ.e. Arctica Finance hf., í árslok 2022. Upplýsingar um hluthafa Arctica Finance hf. og raunverulega eigendur má finna á heimasíðu Arctica Finance í samræmi við ákvæði laga. Í tengslum við breytingu á félaginu í hlutafélag stendur til að einn hlutur verði framseldur til þriðja aðila.

Áhættuþættir og áhættustýring

Markmið áhættustýringar er að finna ásættanlegt jafnvægi milli lágmarkunar áhættu annars vegar og hámarkunar tekna hins vegar, sem og til að tryggja sem best samfellda og reglulega starfsemi og þjónustu við viðskiptavinum. Sumir áhættuþættir tengjast hugsanlegum áhrifum á eigið fé, t.d. útlána-, mótaðila- og samþjöppunarhætta, markaðsáhætta, fastvaxtaáhætta og rekstraráhætta, og sumir áhættuþættir tengjast hugsanlegum áhrifum á laust fé og fjármögnun. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættuþættir eru greindir með reglulegum hætti og þar á meðal er áhersla lögð á greiningu á mögulegum hagsmunaárekstrum og aðgerðum til lágmarka neikvæðar afleiðingar þeirra. Með þessari vinnu er markvisst unnið að því að treysta alla umgjörð félagsins og tryggja traustan og eðlilegan rekstur.

Stjórn og framkvæmdastjóri A/F Rekstraraðila ehf. bera ábyrgð á því að skyldur félagsins um áhættustýringu samkvæmt lögum, reglugerðum og reglum séu uppfylltar og ber að meta reglulega og endurskoða skilvirkni fyrirkomulags og verklags málefna þeirra er falla undir eftirlit og starfsemi áhættustýringar og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á hvers konar annmörkum. Sjóðstjórnar bera síðan hver um sig ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanni áhættustýringar, sem er framkvæmdastjóri A/F Rekstraraðila, á stýringu á áhættuþáttum sem að þeim snúa.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra frh.

Stjórnarhættir

Stjórn A/F Rekstraraðila ehf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum, en félaginu er þó ekki skylt samkvæmt lögum að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Félagið leitast þó við að hafa í heiðri þær kröfur sem Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út. Móðurfélag A/F Rekstraraðila ehf., Arctica Finance hf., fer eftir leiðbeiningum þessum og gefur árlega út stjórnarháttayfirlýsingu og birtir opinberlega, sem og sjálfbærnisráðgjöf þar sem fjallað er m.a. um ófjárhagslegar upplýsingar. A/F Rekstraraðila sjálfu ber ekki skylda til að birta ófjárhagslegar upplýsingar sem vísað er til í 66. gr. d laga nr. 3/2006, um ársreikninga, en sætir að mörgu leyti sömu kröfum og móðurfélag þess.

Starfsemi A/F Rekstraraðila ehf. felst í rekstri sérhæfðra sjóða og í árslok 2022 voru tveir sjóðir í rekstri, en einum sjóði var slitið á síðasta ári í samræmi við samþykktir þess sjóðs. Sjóðurinn A/F HEIM slhf. sem er fullfjárfestur og sjóðurinn A/F Stilla slhf. Félagið útvistar eignastýringu sjóðsins A/F Stillu slhf. til Arctica Finance samkvæmt samningi þar um, en hyggst taka yfir eignastýringu þess sjóðs. Félagið hefur gert umsýslusamning við Arctica Finance um að Arctica Finance taki að sér regluvörslu, upplýsingatækniþjónustu, eftirliti með peningaþvætti og markaðssetningu sjóða. Félagið hefur einnig gert samning við T Plús hf. um útvistun m.a. á bókhaldi sjóða, uppgjöri viðskipta, gengisútreikningi og vörslu verðbréfa. A/F Rekstraraðili hefur eftirlit með því að þeir aðilar sem sinna útvistuðum verkum, sinni þeim skyldum sínum að kostgæfni. Félagið hefur sett sér ýmsar reglur, s.s. reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum, reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, og aðra þætti líkt og kveðið er á um í lögum þar um. Nánar má sjá reglur og upplýsingar um starfsemi A/F Rekstraraðila á heimasíðu félagsins, www.afrekstraradili.is.

Stjórnun og yfirlit yfir A/F Rekstraraðila ehf. skiptast á milli hluthafa, stjórnar og framkvæmdastjóra í samræmi við samþykktir félagsins, reglur stjórnar og önnur tilmæli stjórnarinnar, en starfsreglur stjórnar má finna á skrifstofu félagsins. Þá lýtur stjórnun og yfirlit félagsins ýmsum lögum og reglum, þ.m.t. lög um einkahlutafélög, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, lög um markaði fyrir fjármálagerninga, og lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, auk ýmissa leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins. Nánari útlistun á lögum, reglum, reglugerðum og leiðbeinandi tilmælum er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Í stjórn félagsins eru tveir karlar og ein kona.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra A/F Rekstraraðila ehf. er ársreikningur félagsins í samræmi við lög og reglur, þ.m.t. lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu þann 31. desember 2022, rekstrarafkomu félagsins og breytingum á handbæru fé á árinu 2022.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningur félagsins og skýrsla stjórnar geymi glögggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess.

Stjórn og framkvæmdastjóri A/F Rekstraraðila ehf. hafa í dag fjallað um ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. apríl 2023

Stjórn:

Bjarni Þórður Bjarnason
Jóhanna Vigdís Arnardóttir
Hannes J. Hafstein

Framkvæmdastjóri:

Friðrik Magnússon

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í A/F Rekstraraðila ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning A/F Rekstraraðila ehf. („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Engar megináherslur voru skilgreindar við endurskoðunarvinnu okkar.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Kópavogi 27. apríl 2023

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Umsýslupóknun	4	23.895.913	10.385.895
		<u>23.895.913</u>	<u>10.385.895</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		38.161	2.611
Vaxtagjöld	(	2.737)	(15.220)
Gengismunur	(	8.353)	0
Gangvirðisbreyting eignarhluta	(	765.020)	0
	(	<u>737.949</u>	<u>(12.609)</u>
Rekstrargjöld			
Rekstrarkostnaður	7	23.157.904	11.665.092
		<u>23.157.904</u>	<u>11.665.092</u>
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		60	(1.291.806)
Tekjuskattur	12	<u>174.303</u>	<u>0</u>
Hagnaður (tap) ársins	10	<u><u>174.363</u></u>	<u><u>(1.291.806)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Eignarhlutir í öðrum félögum	8	8.734.978	8.999.998
Fastafjármunir		8.734.978	8.999.998
Viðskiptakröfur		393.296	0
Kröfur vegna umsýslubóknana	11	10.433.532	7.423.071
Aðrar skammtímakröfur		8.395	574
Handbært fé	3d	6.227.355	5.218.470
Veltufjármunir		17.062.578	12.642.115
Eignir samtals		25.797.556	21.642.113
Eigið fé			
Hlutfé		17.000.000	17.000.000
Bundið eigið fé		126.343	0
Ójafnað eigið fé		(1.243.786)	(1.291.806)
Eigið fé	9	15.882.557	15.708.194
Langtímaskuldir			
Tekjuskattsskuldbinding	11	2.819	0
Langtímaskuldir		2.819	0
Skuldir			
Næsta árs afborganir af langtímaskulda			
Viðskiptaskuldir		1.100.748	1.425.911
Skuld við tengd félög vegna samsköttunar	11	89.619	0
Skuldir við tengda aðila	12	8.721.813	4.508.008
Skuldir		9.912.180	5.933.919
Skuldir samtals		9.914.999	5.933.919
Eigið fé og skuldir samtals		25.797.556	21.642.113

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins	10	174.363	(1.291.806)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gangvirðisbreyting eignarhluta		765.020	0
Tekjuskattur		2.819	0
Veltufé frá rekstri til rekstrar		<u>942.202</u>	<u>(1.291.806)</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, hækkun	(	401.117)	(574)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(	235.544)	1.425.911
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	(	<u>636.661)</u>	<u>1.425.337</u>
Handbært fé frá rekstr1		<u>305.541</u>	<u>133.531</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í dótturfélögum	(	500.000)	(4.999.999)
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		0	(3.999.999)
Kröfur á tengd félög, breyting	(	3.010.461)	(7.423.071)
Fjárfestingahreyfingar	(	<u>3.510.461)</u>	<u>(16.423.069)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé	10	0	17.000.000
Skuldir við tengda aðila, breyting		4.213.805	4.508.008
Fjármögnunarhreyfingar		<u>4.213.805</u>	<u>21.508.008</u>
Hækkun á handbæru fé		1.008.885	5.218.470
Handbært fé í årsbyrjun		<u>5.218.470</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		6.227.355	5.218.470

Skýringar

1. Félagið

A/F Rekstraraðili ehf. er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Katrínartúni 2, Reykjavík. Tilgangur félagsins er rekstur sérhæfðra sjóða samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/2020 og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við framangreint.

Félagið er dótturfélag Arctica Finance hf. sem hefur aðsetur að Katrínartúni 2, Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum að öðru leyti en því að eignarhlutir í skráðum félögum eru færðir á gangvirði í árslok. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Reikningsskilaaðferðir

a. Innlaun tekna

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi.

b. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í félögum sem fjárfesta í félögum og skuldabréfum eru færð á gangverði, þ.e. síðasta skráða eða reiknaða gengi ársins. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Óinnleystar gangvirðisbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning á meðal eigin fjár. Eignarhlutir í öðrum félögum sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkaði eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

c. Kröfur

Kröfur eru færðar á nafnvirði. Kröfur eru að mestu leyti tilkomnar vegna krafna á sjóði vegna áfallinna ógreiddra umsýslupóknana og árangurstengdra póknana í árslok 2022.

d. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

e. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattur ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta skattalega tapið á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

Félagið er samskattað með móðurfélagi sínu.

Skýringar, frh.:

4. Umsýslubóknanir og árangurstengdar bóknanir

Félagið fær umsýslubóknanir fyrir rekstur sérhæfðra sjóða. Bóknanir reiknast ýmist sem fast hlutfall af hreinni eign sjóðanna eða sem hlutfall af afkomu umfram ákveðin viðmið.

5. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar A/F Rekstraraðila ehf. er Arctica Finance hf. og aðrir hluthafar, sjóðir í rekstri félagsins, stjórnarmenn, stjórnendur og fjölskyldur þeirra og félög í þeirra eigu. Viðskipti við tengda aðila eru við Arctica Finance hf. og eru þau í samræmi við þjónustusamning og verðlögð eins og um ótengdan aðila væri að ræða. Viðskipti við tengda aðila eru verðlögð í samræmi við stefnu félagsins.

6. Eignir í stýringu

Eignir í stýringu námu alls 15.100 millj. króna þann 31. desember 2022. Þessar eignir eru í eigu sjóða í umsýslu félagsins í samræmi við reglur þeirra og fjárfestingastefnu.

7. Umsýslusamningur

A/F Rekstraraðili hefur gert umsýslusamning við Arctica Finance hf. um að sinna regluvörslu, markaðssetningu sjóða, upplýsingatækniþjónustu og eignastýringu á sjóðnum A/F Stilla slhf. Í árslok voru tveir starfsmenn hjá A/F Rekstraraðila ehf.

8. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinist þannig:

	2022	2021
	Bókfært verð	Bókfært verð
A/F Stilla slhf.	3.373.999	3.999.999
A/F HEIM slhf.	4.126.342	3.999.999
A/F GP Lánasjóður ehf.	369.069	500.000
A/F GP Stilla ehf.	365.568	500.000
A/F GP Mezz ehf.	500.000	0
	8.734.978	8.999.998

9. Eigið fé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 17,0 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði og eitt atkvæði

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Bundið eigið fé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021	17.000.000	0	0	17.000.000
Tap ársins			(1.291.806)	(1.291.806)
Eigið fé 1.1.2022	17.000.000	0	(1.291.806)	15.708.194
Binding v. eignarhluta		126.343	(126.343)	0
Hagnaður ársins	0		174.363	174.363
Eigið fé 31.12.2022	17.000.000	126.343	(1.243.786)	15.882.557

Skýringar, frh.:

10. Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall A/F Rekstraraðila ehf. sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. d. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. mgr. 15. gr. laga nr. 45/2020, er 21,9% en lögboðið lágmark er 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	31.12.2022	31.12.2021
Eiginfjárgrunnur skiptist þannig:		
Heildar eigið fé	15.882.557	15.708.194
Eiginfjárgrunnur samtals	15.882.557	15.708.194
Eiginfjárfra greinist þannig:		
Rekstraráhætta	5.789.476	2.916.273
Eiginfjárfra	5.789.476	2.916.273
Eiginfjárlutfall	21,9%	43,1%

11. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

	31.12.2022	31.12.2021
Tekjuskattur ársins	(174.303)	0
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári, skuld vegna samsköttunar	(89.619)	0
Áhrif vegna samsköttunar	266.741	0
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	2.819	0

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig:

Viðskiptakröfur	3.933	0
Frestaður gengismunur	(1.114)	0
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	2.819	0

12. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar A/F Rekstraraðila ehf. er Arctica Finance hf. og aðrir hluthafar, sjóðir í rekstri félagsins, stjórnarmenn, stjórnendur og fjölskyldur þeirra og félög í þeirra eigu.

Stöður við tengda aðila eru eftirfarandi:

31.12.2022	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Móðurfélag	(8.568.103)		(8.721.813)	
Sjóðir í rekstri A/F Rekstraraðila	23.895.913		10.433.532	
	23.895.913	(8.568.103)	10.433.532	(8.721.813)
31.12.2021	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Móðurfélag	(4.508.008)		(4.508.008)	
Sjóðir í rekstri A/F Rekstraraðila	10.385.895		7.423.071	
	10.385.895	(4.508.008)	7.423.071	(4.508.008)